

Á R S S K Ý R S L A H A U K A D A L S

1 9 8 5

## 1. Veðurfar.

Veturinn var snjóléttur frá áramótum, en hiti nálægt meðallagi (1931-1960) í janúar og febrúar. Seinnipartinn af mars var kalt, en áfram snjólétt. Tíðarfar var hagstætt í apríl, lítið um næturfrost, snjólaust, en votviðrasamt. En það komu líka sólardagar í apríl með allt að  $12^{\circ}\text{C}$ .

13. maí hlýnaði og hélst blíðan til 22. maí. Var hámarks- hiti hvers dags þetta tímabil  $11^{\circ}$ - $17^{\circ}\text{C}$ . 22.-26. maí var N-NA strekkingur og kalt. Fór hitinn niður í  $-3^{\circ}\text{C}$  aðfararnótt 26. maí.

Framan af júní var þurrt, en fremur svalt. Síðari hluta júní var hlýtt. Fór hitinn í  $22^{\circ}\text{C}$  þann 19. júní. Áfram var þurrt.

Í júlí var fremur svalt til 20. júlí, en síðan hlýtt. 9. júlí rigndi talsvert, aðra daga mánaðarins lítið eða ekki. 13. júlí var hvassviðri af NA og aftur 9. ágúst. Ágústmán- uður var hlýr og þurr. Þó rigndi talsvert 20.-22. ágúst og var ekki vanþörf á enda jörð orðin óvenju þurr. Var til þess tekið í Tungunum að akfært væri um allar mýrar, og tjarnir þornuðu upp. Vatnsból víða á Suðurlandi tóku að þverra.

Í byrjun september komu nokkrar frostnætur. Annars var september í meðallagi hlýr og nokkuð votviðrasamur. 22. sept. komst hitinn niður í  $-6^{\circ}\text{C}$ .

Framan af október var milt veður. 8. október kólnaði og að morgni þess 9. var  $-8^{\circ}\text{C}$ . Aftur hlýnaði 11.okt. Héldust síðan hlýindi út mánuðinn með miklum rigningum.

Nóvember heilsaði með frosti. Fyrsti snjórinn féll 2. nóvember 5-10 cm, í  $4-5^{\circ}$  frosti. Héldust síðan frosthörkur til 11. nóvember. Komst frostið í  $-15^{\circ}\text{C}$  9. nóvember.

Restina af nóvember var umhleyppingasamt og oftast vægt frost. Desember var einnig fremur kaldur, snjólítið á lág- lendi, en talsverður snjór í hlíðunum.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1 Laufgun og lauffall.

Birkið varð allaufgað 5.-10. júní. Því fór hægt fram um laufgunartímann, sennilega vegna hvítasunnuhretsins. (27. maí)

Birkikjarrið taldist lauffallið um mánaðamótin sept.-okt. Lerkið var fullútsprungið 19.-20. maí. Bæjarstaðabirki og lerki taldist lauffallið 10.-11. okt.

## 2.2 Vöxtur og þrif.

Góður vöxtur var í öllum tegundum. Sitkagreni óx meira en um langt árabil og mældust toppsprotar allt að 80 cm. Stafafura hefur ekki vaxið jafnvel í mörg ár, sömuleiðis rauðgreni.

Skaðar voru litlir, en einstöku birkitré virtust hálfdaud eftir hvítasunnuhretið og náðu sér lítt um sumarið. Varð þessa vart bæði í Haukadal og í Reykholti í Biskupstungum.

Nokkuð bar á vanhöldum í stafafuru frá Tumastöðum gróðursettri í Bryggjumýri 1977. Furan byrjaði að vaxa nú í vor en svo stöðvaðist vöxtur sumra plantanna, gjarnan nokkurra í röð, og plantan þornaði upp. Voru tekin sýni af slíkum plöntum og send til rannsóknar.

Í hvassviðri 13. júlí og aftur 9. ágúst brotnaði talsvert af sitkagrenitoppum.

Það er nú staðfest af Jóni Gunnari Ottóssyni, að köngulíngur er í Haukadal. Hann virðist lítið breiðast út, hefur aðeins fundist í reit 1011 í Miðhlíð. Þar var gróðursett rauðgreni árið 1949, innflutt frá Noregi.

## 2.3 Fræfall.

Talsvert var af fræi á birki. Kom Guðmundur Örn austur til þess að safna fræi. Voru tínd 12 kg af óhreinsuðu fræi af Bæjarstaðastofni. Talsvert var af könglum á sitkagreni (´49) frá Copper River Valley. Voru tíndir 2-3 sekkir af könglum sunnan starfsmannahússins. Þegar við ætluðum að tína köngla í Svartagilshvammi kom í ljós, að krossnefur hafði orðið á undan okkur. Lágu könglarnir í hrúgum undir trjánum. Kom í ljós, að fræið var enn í könglunum. Ef krossnefurinn sest að á Íslandi, gæti hann orðið mjög hjálplegur við frætíslu í framtíðinni. Talsvert var tínt af lúpínufræi í Haukadal. Lagði Landgræðsla ríkisins til 3 menn í rúma viku, Skógræktin um 5 dagsverk og sjálfboðaliðar 4 dagsverk. Skálparnir voru þresktir á Sámsstöðum í Fljótshlíð.

Alls fóru 70 vinnustundir til fræsöfnunar. Vinna Guðmundar Arnar telst ekki þar með, enda var hún færð á Rannsóknastöðina.

### 3. Starfsfólk.

Alls komust 16 manns á launaskrá á árinu. Þar af um 4 eina viku eða skemur.

Vinna þeirra, sem unnu lengur en viku skiptist þannig eftir mánuðum:

#### Tafla I.

jan.	febr.	mars.	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
0-1	0	0-2	0-2	1-5	5-8	8	1-7	1-2	2	2-4	0-1

Verkstjórinn Sigvaldi Ásgeirsson er á BHM-taxta, (Greipur Sigurðsson á BSRB-taxta), en aðrir starfsmenn á ASÍ-töxtum.

Sænskur skógræktarnemi, Mikael Nilsson, vann í Haukadal í júní og júlí aðallega við kjarrsögun, viðhald á sögum og ekki hvað síst tilsögn í notkun kjarrsaga.

Alls voru unnar 6650 vinnustundir á vegum D-85 árið 1985. Heildarlaunagjöld voru 1.031.759 kr. en áætlunin hljóðaði upp á 1.050.000 kr. Mismunurinn 18.000 kr.

### 4. Girðingar og varsla.

Ástand girðingar var eftir atvikum gott. Fóru aðeins 32 tímar í viðhald. Það skal þó tekið fram, að hin upprunalega skógargirðing er fyrir löngu orðin ónýtt nema á SV-hlið, þar sem henni hefir verið haldið nokkurn veginn gripaheldri, en ástand girðingarinnar er yfirleitt mjög lélegt og þarf að hefja endurnýjun hið fyrsta. Aðalhlíðið, þar sem sýsluvegur liggur inn í landið, er illa farið og verður tæpast unnt að komast hjá því að setja hér vegarrist, því umferð um þennan veg er orðin mjög mikil.

Óvenjulítið var um fé innan girðingar. Fór því óvenjulega lítill tími í búfjársmölun eða ca. 4 dagsverk eða 32 vinnustundir.

### 5. Skógarhögg.

#### 5.1 Jólatré.

Fyrstu trén voru felld 4. nóvember. Síðan voru oftast 2 menn, stundum 3, að vinna við jólatrén, þar til í síðustu viku nóvember mánaðar, þegar 3 menn unnu að verkinu í 4 daga samfleytt.

Megrið af trjámum var flutt til Reykjavíkur með flutningabíl Þóris Sigurðssonar. Ein ferð var farin með bíl og vagn í eigu deildar 61 og aðallega tekin stór tré í þeirri ferð. Einn starfsmanna, Sigurður G. Ásgeirsson, lagði til pallbíl gegn kílómetragjaldi. Nýttist sá bíll vel til að flytja jólatrén niður. Einnig tók hann með sér nokkur stór tré til Landgræðslusjóðs. Til að flytja trén í bækistöð var einnig notuð nýfengin Zetor-dráttarvél með sturtuvagni. Komu síðustu trén suður 2. desember.

Alls voru felld 2187 jólatré. Næsta ár verður líklega hægt að fella mun fleiri tré, enda er árangur aukinnar umhirðu óðum að skila sér.

Jólatrén komu úr eftirtöldum reitum:

Tafla II.

Reitarnr.	Rauðgreni	Stafafura	Bergfura	Blágreni	Alls
1072	20	-	-	-	20
2033	-	42	-	-	42
2062	450	3	-	-	453
2071	250	-	-	-	250
2081	-	95	-	-	95
2113-14	180	-	-	-	180
2115-20	196	-	-	-	196
2121	-	42	-	-	42
2124	160	-	-	-	160
3072	25	-	-	-	25
4023	-	67	-	-	67
6021	-	170	-	4	174
6022	-	68	-	-	68
6023	-	95	-	-	95
6025	-	55	-	-	55
6026	-	-	15	-	15
6076	50	-	-	-	50
6078	30	-	-	-	30
6173	170	-	-	-	170
	1531	637	15	4	2187

Sala trjáanna gekk vel, og seldust öll tré, sem í boði voru. Starfsmenn fengu 4 furur 8 rauðgreni og 2 stk. blágreni. Það sem á vantar voru brotin tré og gölluð.

Tafla III sýnir stærð trjáanna, sem seldust og kaupendur:

Tafla III.

	Rauðgreni				Stafafura+Bergf.-Blágreni			Tré alls
	Eyjablóm	Landgræðslu- sjóður	Skgr.fél. R.víkur	alls	Landgræðslu- sjóður	Skgr.fél. R.víkur	alls	
0,7 0-1,00	10	58	37	105	121	5	126	231
1,01-1,25	15	242	146	403	149	29	178	581
1,26-1,50	20	264	137	421	121	24	145	566
1,51-1,75	10	216	51	277	88	10	98	375
1,76-2,00	5	131	28	164	39	2	41	205
2,01-2,50		63	10	73	26	4	30	103
2,51-3,00		8		8	9		9	17
3,01-4,00		14		14	1		1	15
4,01-5,00		8		8				8
5,01-6,00		1		1				1
Samtals	60	1005	409	1474	554	74	628	2101

Að auki keypti ungmennafélag Biskupstungna 19 stk. rauðgreni og eina furu. Alls sendust því 2122 tré. Tekjur af jólatrésölnunni námu um 922.000 kr. Launakostnaður vegna sölu jólatrjáanna nam um 132.000 eða kr. 60/tré og 14,3% af sölu-tekjunum. Bókfærð vinna við jólatré varð alls 593 vinnustundir eða 3,6 tré/vinnustund.

## 5.2 Grisjun

Ekki var um eiginlega grisjun að ræða á árinu. Í reitum 2115-2120 var 1-2m hátt rauðgreni grisjað, svo það geti notast sem jólatré á næstu árum. Lokið var við að aflima og draga út birkilurka, sem ættu að gefa ca. 200 poka af arinviði á næsta ári.

Sagaðar voru rásir í birkikjarr í brekkunni milli vegar og Brennigils og áfram upp með gilinu upp að Kjöftum. Einnig voru gerðar rásir milli S. Jónassonarreiðs, vegarins og upp í Mýrarkrika alls um 5 ha. Meðalafköst við rásun reyndust 0.17 ha/dagsverk eða 5.9 dagsverk/ha.

Grisjaðir voru ca. 0,3 ha birkikjarrs í Hrauntúni.

Alls voru notaðar um 420 vinnustundir í grisjun. Launakostnaðurinn nam kr. 56.000.

### 6. Gróðursetning.

Alls voru gróðursettar á vegum D-85 55.945 plöntur af bærtrjám og stungið 6100 víðigræðlingum. Gróðursettar voru 47.655 plöntur í Haukadalsheiði og 8.320 í Hrauntúni. Að auki fékk Haukur Þórðarson læknir, einn eigenda Hrauntúns, afhentar 280 plöntur af rauðgreni, 50 plöntur af lerki og 170 plöntur af stafafuru.

Stiklingum var stungið 14. og 15. maí. Á sama tíma voru gróðursettar 350 stk. af lerki og stafafuru á Haukadalsheiði. Annars fór vorgróðursetningin fram á tímabilinu 4. júní-2. júlí.

Um mánaðamótin júlí-ágúst voru gróðursettar 7610 rauðgreniplöntur í grisjaðan birkiskóg utan við reiti 2110-2111.

10. júlí voru gróðursettar 400 lúpínuplöntur í örfokaland á Haukadalsheiði, þar sem kallast Skyggisheiði.

Til gróðursetningar var varið 1260 vinnustundum, og varð launakostnaður 54.000 kr. Launakostnaður nam um kr. 2.50 per. plöntu.

Gróðursettar plöntur skiptust þannig:

Tafla IV. Gróðursetning í Haukadalsheiði 1985.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Frænumer	Plöntug.	Nr. reiðs	Fjöldi pl.
Blágreni	Arehuleta	2/3	B-943	Mb.	6210	2.765
Rauðgreni	Vevelstad	2/2	B-802	Beðpl.	6077	2.500
Rauðgreni	Vevelstad	2/2	B-802	Beðpl.	6172	5.850
Rauðgreni	Bindal	2/2	B-803	Mb.	2109	7.610
Sitkagreni	Egilsstaðir	2/3	B-955	Mb.	7034	2.525
Sitkagreni	Egilsstaðir	2/3	B-955	Mb.	7035-7040	2.550
Sitkagreni	Homer	2/2	B-866	Mb.	7 41-7042	1.570
Sitkagreni	?	?	?	úr niðursl.	4513	295
Stafafura	Skagway	2/2	C-044	Mb.	6210	3.950
Rússalerki	Hausjörvi	2/2	C-046	Beðpl.	2200	4.090
Rússalerki	Sónsterud	1/1	C-106	Mb.	2200	4.200
Rússalerki	Modo	2/1	C-054	Mb.	2200	9.000
Rússalerki	Modo	2/2+1/2	C-058	Beðpl.	2200	1.400
Annað	Ymis kvæmi.	Afgangur af tilraunaplöntum frá 1984 <sup>x)</sup>				350
					Samtals	48.655

x) Svellar og hálfdandur

Ef lúpínuplöntur og víðigræðlingar eru talin með, þá voru gróðursettar 55.155 plöntur í Haukadál.

Tafla V. Gróðursetning í Hrauntúni 1985.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Frænúmer	Plöntugerð	Fjöldi plantna
Rauðgreni	Bindal	2/2	B-803	Mb.	2.760
Stafafura	Skagway	2/1	C-044	Mb.	3.060
Stafafura	Haines,	1/2,2/2,	C-045	Beðplöntur	1.200
- II -	Skagway	2/3	C-044	- II -	
Rússalerki	Modo	2/1	C-054	Mb.	1.300
Samtals					8.320

Að auki fengu eigendur Hrauntúns afhentar 500 plöntur. Að þeim meðtöldum voru alls gróðursettar í Hrauntúni 8.820 plöntur árið 1985.

## 7. Umhirða plantna.

### 7.1 Kjarrhreinsun.

Á tímabilinu 1.-18. júní unnu 2 menn að kjarrhreinsun með kjarrsögum, 26.-30. júlí voru oftast 3 menn á kjarrsög og 9.-22. ágúst voru 2-3 á kjarrsög flesta daga. Í október voru unnin 7 dagsverk við kjarrsögun.

Auk þess að saga rásir þær í birkikjarr, sem greint er frá í 5.2, var hreinsað frá barrplöntum í eftirtöldum 17.8 ha.

Tafla VI. Kjarrhreinsun:

Reitur nr.	Tegund	Flatarmál í ha	Fjöldi barrplantna.
1034	Rauðgreni	1,3	5500
1035	Douglasgreni	0,1	400
1041	Rauðgreni	1,0	4500
1042	Rauðgreni	0,7	6500
1072	Rauðgreni	0,5	2500
1083	Rauðgreni	1,0	4500
2016	Stafafura	0,2	1000
2033	Stafafura	0,1	450
2051	Rauðgreni	0,1	400
2081	Stafafura	6,5	10000
2091	Rauðgreni	0,1	900
2101	Rauðgreni	1,0	4500
2112-16	Rauðgr, Kínagr.	1,9	7000
2119-20	Rauðgr, Fjallap.	0,5	5000
2121	Stafafura	0,1	400
6078	Rauðgr, Sitkagr.	0,3	1200
6079	Rauðgreni	2,4	9000
Samtals		17,8	63750



Auk þess að saga var úðað Round-up úr Mikron-dælu á megnið af reitum 2062-2071. Notaður var þrenns konar styrkleiki: 1:10; 1:20; og 1:40. Var úðað á ca. 4 ha. Árangurinn kemur ekki fyllilega í ljós fyrr en næsta sumar. Afköstin voru 2 ha á dag. Til samamburðar voru meðalafköst við kjarrsögun 0,25 ha á dag. Þegar þess er gætt, að árangurs úðunar gætir lengur, er ljóst, að úðun gæti horft til framfara.

Alls voru notaðar 720 vinnustundir til kjarrhreinsunar með vélsög.

### 7.2 Snyrting.

Reynt var að fylgja kjarrhreinsuninni eftir með handverkfærum. Margstofnar og -toppar voru klipptir, sem og teinungur, sem sögunarmenn skildu eftir. Töluvert var einnig klippt af aukatoppum af sitkagreni. Eftirtaldir reitir voru teknir til meðferðar með handverkfærum: (Þar sem svigi er hafður um ha fjöldann var einnig sagað annaðhvort í sumar eða árið 1984).

Tafla VII. Snyrting.

Reitarnr.	Flatarm. í ha	Plöntufj.	Vinnust.	Tegundir.
1041	(1,0)	4500	9	Rauðgr.
1042	(0,7)	6500	26	Rauðgr.
1052	(1,3)	4500	44	Rauðgr.
1071	(0,3)	2500	18	Sitkagr.
1072	(0,5)	2500	35	Rauðgr.
1091	1,3	4500	26	L
1090-00	2,5	10000	35	Stafaf, L
2081	(8,5)	13000	53	Stafaf.
2101	(1,0)	4500	18	Rauðgr.
2111-20	(3,5)	19500	144	Sg., Kg., Rg., Fp..
4515	0,1	100	14	Sitkagr.
6079	(1,5)	6000	35	Rauðgr.
7023-34	13,0	18000	233	Sg., Stf., L.
Samtals	35,2	96100	690	

### 7.3 Áburðargjöf.

Keypt voru 3t af Græði 4A og 1t af blákorni. Var nær öllum

áburðinum dreift á tímabilinu 22. maí - 3. júní. Tók verkið alls 14 dagsverk eða u.þ.b. 130 vinnustundir. Launakostnaður var 17.000 kr. Í töflu VIII er greint frá áburðargjöfni.

Tafla VIII. Áburðargjöf.

Reitarnr.	kg alls	fjöldi plantna	pr.plöntu	Tegund
2071	600	5000	120 g	Rg.
2091	100	900	110 g	Rg.
2113-18	600	5000	120 g	Rg.
2122-23	150	1500	100 g	Rg.
2124	2300	23000	100 g	Rg.
3041	25	400	60 g	Bg.
3042	125	2000	60 g	Rg.
Bryggjum.	100	nokkur skjólb.		Alaskav.

Samtals            4000            37800

Allur blákornaáburðurinn var breiddur á reit 2124. Launakostnaður varð 45 aurar á plöntu við áburðarbreiðsluna.

#### 7.4. Framræsla.

Dagana 1. og 2. sept. var dráttarvél af Same-gerð frá Orkutækni í Rvk. með jarðfræsara í vinnu í Haukadal. Voru grafnir 2,4 km af skurðum á þremur svæðum: Í mýrlendi milli vegar og Brennigils, í Mýrarkrika og austan og ofan við Langamel. Skurðirnir eru 70-80 cm djúpir og með fláa.

#### 8. Vegagerð.

Minna var unnið að vegagerð en árið 1984. Dráttarvélin kom ekki fyrr en í september. Einn maður vann við vegagerð fyrri helming október og nokkra daga í nóvember, alls 129 vinnustundir. Launakostnaður var 23.000 kr. Var borin mól í 750 m langa braut ofan reits 2124 og áfram austur og niður við reit 4043, ca. 250 m spotta. Byrjað var á vegi eftir Skógarholti. 5.-7. nóvember var Ketilbjarnarýtan í Haukadal og losaði upp mól í tveimur malarnámum; við Laugá og við Langamel.

## 9. Byggingar.

Starfsmannahúsið var fúavarið rækilega, 2-3 umferðir. Notað var litlaust cúprínól. Reynt var að fyrirbyggja músagang. Keypt voru borð og lampar í herbergin. Við gamla bústaðinn var smíðaður pallur. Skipt var um hitaveitudælu og þrýstingsjöfnunarkútur fjarlægður. Dælan starfar nú óslitið með jöfnum þrýstingi. Dælukofinn var fúavarinn og smíðað nýtt þak yfir hverinn!

Hitaveitan í gamla bústaðnum bilaði í mars vegna stíflu í frárennsli. Hitaveitubilun í starfsmannahúsinu í september varð vegna stíflu í returnleiðslunni. Launakostnaður við þennarn verkþátt varð alls um kr. 78.000.

## 10. Vélar og verkfæri.

Keypt var ný Zetor-dráttavél, tveggja drifa, 70 ha. Kom hún austur í september. Einnig voru keypt sænsk ámokstursbretti með tvívirkri skóflu og sturtuvagn frá Kaupfélagssmiðjunni á Selfossi.

Keypt var ein ný kjarrsög af gerðinni Jonsered RS-45. Toyota-jeppinn þurfti ekki stórviðgerða við á árinu. En nú verður ekki hjá því komist að gera upp vélinu í bílnum fyrir vorið. Alls varð viðhaldskostnaður 34.000 kr., sem hlýtur að teljast nokkuð mikið, þar eð bíllinn var aðeins keyrður u.þ.b. 3500 km, en e.t.v. ekki mjög mikið miðað við aldur bílsins og það að hann var fenginn sem aflagður frá annari deild.

## 11. Annað.

Verkstjórnin undirbjó gerð gróðursetningakorta fyrir Haukadal og vann útivinnuna í september.

Aðalsteininn Sigurgeirsson, skógræktarnemi, kom í Haukadal á vegum Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá 5. ágúst. Fékk hann sér til aðstoðar einn mann héðan í tvo daga til að gróðursetja í tvo tilraunareiti. Er annar í Bryggjumýri, yst í plógstengjunum þar (7019), en hinn milli vegar og Brennigils, neðan við reiti 2110-2112. Mun væntanlega gerð nánari grein fyrir þessum reitum í skýrslu Rannsóknastöðvarinnar.

Undanfarin ár hafa túnin í Haukadal verið leigð bændum á Kjóstöðum. Í sumar voru nægar heyfyrningar á öllum bæjum og engir bændur fengust til að leigja túnin. Þar sem ekki var borið á túnin varð spretta lítil, en næg til þess, að þau

þurftu umhirðu. Bóndinn á Felli var fenginn til að slá tún-  
in og fékk heyið upp í kostnað.

Þar sem sumarið var óvenju þurrt, var ástand vegarins  
inn á heiði gott. Þótti ástæðulaust að loka þeirri leið fyrir  
almennri umferð. Hinsvegar er það óviðunandi að Vegagerð  
ríkisins og ýmsir frömuðir vísi ferðafólki til vegar um Hauka-  
dalsland á þeim forsendum að hér sé um að ræða allt aðra leið,  
eða svonefndan línuveg.

Skýrsla þessi er tekin saman af Sigvalda Ásgeirssyni, sem  
hefir verið verkstjóri í Haukadál frá vordögum 1983.

Baldur Þorsteinsson.